

## REGLUR

### um bann við netaveiði göngusilungs við Faxaflóa.

1. gr.

Bönnuð er netaveiði göngusilungs í sjó árin 2019 og 2020 frá og með 10. júní til og með 10. ágúst með strandlengju í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá Suðurflös á Akranesi í suðri að friðunarsvæði Hítarár í norðri.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessara reglna varðar sektum samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal fara að hætti sakamála.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 5. mgr. 15. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Koma þær í stað reglna nr. 543/2017 um sama efni.

4. gr.

Til viðbótar þeim takmörkunum, sem hér eru settar, skal vakin athygli á því að allar netaveiðar á silungi í sjó eru óheimilar frá kl. 22.00 á föstudagskvöldi til kl. 10.00 á þriðjudagsmorgni á löglegum veiðitíma yfir sumarið samkvæmt 2. mgr. 18. gr. ofangreindra laga.

*Fiskistofu, 6. júní 2019.*

**Guðni Magnús Eiríksson,**  
sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs.

\_\_\_\_\_  
*Björn Jónsson lögfræðingur.*